

SKIPULAGSSKRÁ

Vildarbörn - Ferðasjóður.

1. gr.

Stofnaðild o.fl.

Vildarbörn - Ferðasjóður, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Icelandair ehf., kt. 461202-3490, Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík. Heimili sjóðsins er aðal- skrifstofa Flugleiða hf., Reykjavíkurflugvelli, 101 Reykjavík.

Hann starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

2. gr.

Markmið.

Markmið með stofnun sjóðsins er að gera langveikum börnum og börnum er búa við sérstakar aðstæður á Íslandi og í helstu nágrannalöndum sem og fjölskyldum þeirra sérstakt tækifæri til þess að ferðast frá Íslandi til útlanda og jafnframt gefa erlendum börnum kost á að heimsækja Ísland.

Markmið með stofnun sjóðsins skal náð með fjárframlögum og styrkjum sem og punkta- gjöfum Vildarklúbbsfélaga Icelandair svo sem nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

Stjórn sjóðsins.

Stjórn sjóðsins skal skipuð 9 aðilum tilnefndum af Icelandair ehf. Stjórnin skiptir með sér verkum og hún skal skipuð formanni, gjaldkera, ritara og sex meðstjórnendum. Stjórninni er heimilt að skipta um formann sjóðsstjórnar hvenær sem er.

Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmaður hans á opinberum vettvangi.

Gjaldkeri ber ábyrgð á fjárvörslu, færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Reikningarnir skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda.

Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi og bóka skilmerkilega þær ákvarðanir er teknar eru.

Verndari sjóðsins er frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrirverandi forseti.

4. gr.

Fagráð.

Stjórn sjóðsins velur 4 manna fagráð sem skal vera stjórninni til ráðuneytis um framlög úr sjóðnum. Skal fagráð sýna frumkvæði þar um og koma með tillögur að verkefnum til stjórnar.

Stjórn sjóðsins setur fagráði starfsreglur.

5. gr.

Stofnframlag.

Stofnframlag sjóðsins er kr. 3.000.000 sem Icelandair ehf. leggur fram.

6. gr.

Frekari framlög.

Sjóðurinn skal taka á móti frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðila eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi. Flugfreyjur/flugþjónar Icelandair munu taka á móti framlögum (mynt) um borð í flugvélum félagsins og félagar í Vildarklúbbi Icelandair geta gefið ákveðinn fjölda vildarpunkta sinna árlega.

7. gr.

Ráðstöfun fjár.

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt tillögum stjórnar sjóðsins. Fagráð er stjórninni til ráðuneytis við úthlutun framlaga úr sjóðnum.

Stjórn félagsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

8. gr.

Ávöxtun fjár.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða viðskiptabanka að sjá um þennan þátt en ávallt skal þó fjárfestingarstefna borin undir stjórn til samþykktar fyrirfram.

9. gr.

Breytingar og niðurlagning.

Tillögur stjórnar um að breyta skipulagsskrá eða leggja sjóðinn niður skulu lagðar fyrir stofnanda. Ekki má breyta stofnskrá eða leggja sjóðinn niður án samþykkis stofnanda. Ákveði stofnaðili að leggja sjóðinn niður skal hann leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því. Andvirði sjóðsins yrði þá ráðstafað í samræmi við tilgang sjóðsins.

10. gr.

Skráning sjóðsins.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 28. apríl 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.